

EFTIRLITSSKÝRSLA



Íslensk Matorka - Fiskeldisstöðin Galtalæk Galtalæk, Hellu

Dags eftirlits	19.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Íslensk Matorka - Fiskeldisstöðin Galtalæk	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hlíðarsmára 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480210-0930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefanía Karlsdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik komu fram við eftirlit. Eitt eldra frávik er enn útistandandi sem varðar niðurrif á stöðinni. Óskað er eftir upplýsingum um verklok.

Óskað er eftir staðfestingu landeiganda á að frágangi sé lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Fulltrúi Umhverfisstofnunar var Gottskálk Friðgeirsson og framkvæmdi hann eftirlit (vettvangsskoðun) með vitund fulltrúa rekstraraðila (Stefaníu Karlsdóttur) sem var ekki viðstödd eftirlitið.

Farið var að Galtalæk 2 í Landsveit (Rangárþingi ytra). Starfsleyfi Íslenskrar Matorku ehf. er gefið út á Fiskeldisstöðina Galtalæk en engin starfsemi hefur verið þar um hríð. Starfsleyfið gildir til 30. nóvember 2023.

Í kjölfar fráviks árið 2019 óskaði rekstraraðili þann 2. desember 2019 eftir niðurfellingu starfsleyfis og hluti af úrbótaáætlun var að ljúka niðurrifi stöðvarinnar.

Í fyrri útbótaáætlun var gert ráð fyrir því að frágangi yrði lokið í september 2020. Stærstur hluti stöðvarinnar hefur verið fjarlægð en enn á eftir að ljúka niðurrifi og er óskað eftir uppfærðri tímasettri áætlun um verklok.

ÁBENDINGAR

Óskað er eftir upplýsingum um verklok.

Óskað er eftir staðfestingu landeiganda á að frágangi sé lokið.

ANNAÐ

Þegar niðurrifi og frágangi á lóðinni er lokið og staðfesting landeiganda um frágang liggur fyrir er hægt að virkja aftur mál Umhverfisstofnunar nr. UST202002-481 sem hefur verið í bið. Málið fjallar um umsókn Matorku um niðurfellingu starfsleyfisins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.11.2021

Gottskálk Friðgeirsson